

Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í reiðhöllinni Víðidal 14. janúar 2020 klukkan 17:00.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Íva Rut Viðarsdóttir, Sigurbjörn Þórmundsson, Þórunn Eggertsdóttir, Árni Geir Eyþórsson og Einar Gíslason.

1. OZ

Kynnt er erindi frá OZ um að setja upp útsendingabúnað í reiðhöll og við keppnisvelli Fáks til að sýna frá mótum og kynbótasýningum sem fram fara á félagssvæði Fáks.

Framkvæmdastjóra og formanni er falið að vera í frekara sambandi við forsvarsmenn verkefnisins.

2. Félagsgjöld 2019

Um 290 manns eru ógreiddir félagsmenn um áramót.

3. Reiðhallargólf

Eftir skoðun á reiðhallargólfi var það niðurstaða að prófa að blanda furuflís við núverandi efni. Höllin verður því hefluð og síðan verður sett lag af furuflís ofan á það.

4. Félagshemili – Maggi og Rakel

Magnús Benediktsson og kona hans Rakel Ýr Björnsdóttir hafa komið að máli við formann og framkvæmdastjóra um að þau taki að sér útleigu á félagshemilinu. Þau eru þaulreynd í viðburðahaldi og vel tengd eftir að hafa rekið salinn í Samskipahöllina í Spretti til fjölda ára. Það þarf að fara í ýmiss smá viðvik í félagshemilinu og verður sún vinna unnin í samráði við þau.

Stjórn samþykkir að semja við Magnús og Rakel og er formanni og framkvæmdastjóra er falið að gera drög að samningi.

5. Þorablót Fáks

Þorablót Fáks verður haldið næstu helgi, 18. janúar. Það verður með hefðbundnum hætti og mun Sigvaldi sjá um matinn.

6. Fjárfesting í tækjum og búnaði 2020

- a. Fastus – Óskað er eftir að klára kaup á borðbúnaði frá Fastus.
- b. Gólfþvottavél – Nauðsynlegt er að skoða kaup á gólfþvottavél í félagshemili Fáks. Skúra þarf dúk í eldhúsi, parketi fyrir framan sviðið og flísar í anddyri og á klósettum allt að þrisvar sinnum til að ná klístri af gólfi. Með nýrri vél er hægt að þrifa þessi rými fljótt og örugglega milli salarleiga.
- c. Hátalarakerfi – Nauðsynlegt er fyrir Fák að eignast hátalarasett fyrir mót og aðra tækifærisviðburði sem félagið heldur. Á ársgrundvelli greiðum við allt að ígildi hátalarasetts í leigu.
- d. Kerra – Óskað er eftir að félagið kaupi léttu kerru til að nota í ýmiskonar verkefni á félagssvæðinu.

Framkvæmdastjóra og gjaldkera er falið að vera í sambandi um þessi innkaup.

7. Neðri Fákur

Kynnt eru breytingar á svæðinu sem tengjast legu Bústaðarvegur.

8. Lóðaleigusamningar í Víðidal

Forsvarsmenn Víðidalsfélagsins og formaður og framkvæmdastjóri hittu formann skipulagsráðs Reykjavíkur, Sigurborgu Ósk Haraldsdóttir, á fundi í Guðmundarstofu 8. janúar 2020. Þar var rædd sú staða sem hesthúseigendur í Víðidal eru í varðandi lóðaleigusamninga sína. Í framhaldi fundarinnar var skrifað erindi til borgarinnar þar sem óskað er eftir formlegum viðræðum um þessa lóðaleigusamninga.

9. Hafnarbakki – Dómgámur

Komið er tilboð frá Hafnarbakka fyrir Fák að kaupa gáminn. Formanni og framkvæmdastjóra er falið að gera tillögu að lausn þessara mála.

Fundi slitið 19:00

Fundargerð ritaði Einar Gíslason